

Eyjafjörður/ Djúpidalur

Athugun á fornleifum vegna strenglagningar og niðurfellingar loftlínu á vegum RARIK



**Katrín Gunnarsdóttir fornleifafraeðingur MA.
Apríl 2019**

Efnisyfirlit

Efni:	3
Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.....	3
Lög um menningarminjar.....	3
Aðferð við skráningu.....	5
Strenglöggin	7
Loftlínur sem yrðu felldar.	9
Niðurstöður.....	12

Efni:

Eftirlit með að fornleifum verði ekki raskað vegna Jarðstrengslagnar og niðurfellingar loftlínu á vegum Rarik í Eyjafjafirði og Djúpadal. Verkefnið hefur fengið skráningarnúmerið 1964 frá Minjastofnun.

Strenglögn og loftlínur:

Fyrirhuguð strenglögn og loftlínur sem fella átti koma inn á lendur bæja í Eyjafirði og Djúpadal samkvæmt skrá frá RARIK sem er neðst í þessari yfirferð minja.

Að beiðni RARIK var eftirlit með minjum við loftlínurnar og á ætlaðri lagnaleið strengsins unnið af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi MA.

Eyjafjörður: Lega strengsins og niðurfelling loftlínunnar í **Eyjafirði var skoðuð 4/7 2018**, ásamt Rögnvaldi Guðmundssyni frá Rarik Akureyri.
Djúpadalur: Lega strengsins og niðurfelling loftlínunnar í **Djúpadal var skoðuð 18/9 2018** var með í för Rögnvaldur Guðmundsson frá RARIK Akureyri.

Eftirfarandi texti var að mestu skrifaður fyrir lagningu jarðstrengsins og fellingu loftlínanna og voru niðurstöður kynntar minjaverði Norðurlands eystra og verktökum Rariks ásamt nauðsynlegum varúðarráðstöfunum, og er textinn uppfærður hér. Að höfðu samráði við minjavörð var gerð bráðabirgðaskýrsla, sem er uppfærð hér.

FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

LÖG UM MENNINGARMINJAR.

Í 1. grein laga um menningarminjar segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða

sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfarandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarksskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við

skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi.

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skytt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar.*

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skytt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

*Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2.*

AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráning felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Í viðkomandi skýrslu fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri Minjastofnunar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar og hefur þar fengið **númerið 1964** og að auki er hlaupandi númer innan verkefnisins eftir skráðum fornleifum ef þær hafa verið skráðar á skráningarsvæðinu.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hóbýli manna, útihús, eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa vísbendingu svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið, ásamt töflu þar sem eru upplýsingar varðandi hverja fornleif svo sem sérheiti, og ef það hefur verið hlutverk, tegund, ástand, hättumat, hættuorsök og áætlaður aldur. Staðsetning minja er einnig gefin upp í töflum í ísnethnitum ISN 93.

Strenglöggin

Eyjafjörður: Lega strengsins í Eyjafirði var skoðuð 4/7 2018, ásamt Rögnum Guðmundssyni frá Rarik Akureyri.

Áætlað var að vinna við strenglöggin mundi hefjast september-október 2018. Strenglöggin mundi að mestu fylgja veginum sem liggur á milli bæjanna, og á einstaka stað færi hún að einhverju leiti heim að bæ. Hún fylgdi þá heimreið eða lægi í gegnum sléttuð tún sem eru skorin með framræsluskurðum.

Tengikassi yrði settur upp um 25 m frá norðvesturhorni Möðruvallakirkjugarðs, og væri kirkjugarðurinn ekki í beinni hættu vegna uppsetningar hans.

RARIK mundi kynna vertökum þessa staðsetningu tengikassans sérstaklega með tilliti til nálægðar við kirkjugarðinn.

Ekki voru greinanlegar minjar eða heimildir um minjar á áætlaðri leið strengsins um landið.

Ætluð lega jarðstrengsins í Eyjafirði frá Fellsmúla að Öldu við Melgerðismela. (Sjá meðfylgjandi skrá).

Djúpadalur: Lega jarðstrengsins um Djúpadal var skoðuð 17. september 2018, ásamt Rögnum Guðmundssyni frá RARIK Akureyri og strenglöggin skoðuð með tilliti til minja sem gætu verið á áætlaðri leið jarðstrengsins.

Áætluð lega jarðstrengsins í Djúpadal var frá Litla-Garði að Litla-Dal syðsta bæ í Djúpadal.

Í byrjum strenglagnarinnar mundi hún fylgja gömlu loftlínunni vestan við bæina Litla-Garð, Hlíðarhaga og Hlíðarhaga II. Vestan við þá er Hlíðarhagi og Hlíðarfell, en þessir bæir eru allir vestan við veginn í gegnum Dalinn í suður. Þá yrði lega strengsins í suður í gegnum sléttuð tún í löndum Hvassafells. Eftir það fylgdi hann veginum að vestanverðu að Syðra-Dalsgerði, og rynni þar saman við gömlu loftlínuna og færi þar í tengikassa, og endaði þar. Hann lægi síðan aftur frá Stóra-Dal að Litla-Dal í suður. Áætluð lega strengsins á milli þessara bæja var vestan vegarins, en yrði austan vegarins við heimreiðina að Litla Dal og endaði þar.

Ekki voru merkjanlegar fornleifar á þessari leið strengsins um Djúpadal

Vélin sem plægð strenginn var ca 3m á breidd og strengurinn var plægður á 90cm dýpi.

Þessi yfirferð á legu fyrirhugaðs jarðstrengsins um Eyjafjörð og Djúpadal gerir eingöngu grein fyrir legu jarðstrengsins.

Eftir á að gera grein fyrir niðurfellingu gömlu loftlínunnar hvað varðar minjar sem gætu verið í hættu vegna þeirra framkvæmda. Áætlað var að loftlínunni yrði tekin niður síðla vesturs eða snemma sumars 2019. Mundi þá liggja fyrir athugun á því hvort einhverjar minjar yrðu fyrir hnjaski vegna þessara framkvæmda og hvering ætti að bregðast við svo það ylli sem minnstum skaða.

Bæjarnöfn þeirra bæja sem strengurinn mundi liggja um:

Áætluð lega jarðstrengsins í Eyjafirði var frá Fellsmúla að Öldu Melgerðismelum.

Áætluð lega strengsins um Djúpadal var frá Litla-Garði að Litla-Dal.

Fellshlíð	152593
Víðines	152864
Guðrúnarstaðir	152619
Guðrúnarstaðir lóð	179767
Helgastaðir	152627
Möðruvellir land	192813
Lækjarbrekka	192183
Kálfagerði	152676
Kálfagerði 2	224360
Möðruvellir	152731
Hríshóll	152656
Stekkjaflatir	152774
Gnúpufell	152605
Nes	152733
Gilsá 1	152600
Gilsá 2	152602
Gullbrekka	152622
Melgerðismelar/Funi	223187
Alda	189950
Litligarður	152718
Hlíðarhagi	152633
Hvassafell	152659
Hvassafell land	176533
Ytra-Dalsgerði	152827
Syðra-Dalsgerði	152787
Stóri-Dalur	152777
Litli-Dalur	152717

Fylgiskjöl: Lega jarðstrengsins í Eyjafirði og Djúpadal.

Loftlínur sem yrðu felldar.

Að beiðni RARIK var eftirlit með minjum á loftlínunum sem átti að fella unnið af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi MA.

Eyjafjörður: Loftlína sem fella átti í Eyjafirði var skoðuð 4/7 2018.

Djúpidalur: Loftlínan í Djúpadal var skoðuð 18/9 2018.

Við vettvangsskoðun loftlínanna var með í för Rögnvaldur Guðmundsson frá RARIK Akureyri.

Loftlína Eyjafirði

Loftlínunni sem fella átti má skipta í þrjár aðskildar leiðir.

Djúpidalur

Loftlínan sem fella átti í Djúpadal er ein leið.

Samtals voru það 4 loftlínur átti að fella og þær eru tölusettar 1, 2, 3 og 4.

Eyjafjörður:

Loftlína 1. kort 7 A, B, C.

Frá **Gullbrekku** lá loftlínan í norðurvestur, vestan við bæjarstæði **Gullbrekku**, lá þar í gegnum sléttuð tún að **Gullbrekku II**, þar lá línan austan við bæinn og lá þar á milli bæjar og vegarins að **Gullbrekku**. Frá **Gullbrekku II** fór línan í norðvestur yfir veginn að **Gullbrekkunum** og áfram í norðvestur eftir landinu sem er ræktað og fó yfir ána **Gilsá**.

Þegar nálgast bæjarstæði **Gilsár II** var línan í ræktuðum túnum sem eru skorin af votlendisskurðum **Gilsár II** og fór yfir í land **Gilsár I** og í túnum sem eru skorin af skurðum. Þá eru línur sem liggja heima að **Gilsá I** og **Gilsá II** sem yrðu felldar.



Mynd 1. Horft til suðurs eftir loftlínunni ofan við Mörðuvelli. Grindverk kirkjugars Möðruvallakirkju til hægri.

Loftlína 2. Kort 2 kort 3A

Loftlínan lá frá **Fjarskiptahúsi Fjarska** í norðaustur í gegnum landið sem er ekki í ræktun, fór yfir Eyjafjarðará þar sem norðan árinna taka við ræktað tún **Stekkjjarflata**. Þar lá línan rétt austan við bæjarstæðið og fór áfram í gegnum túnin í norður og lá þar áfram austan við bæjarstæðin sem liggja nokkur vegin í línu í norður. Eftir Stekkjarflatir taka við tún **Hríshóls**, að landi **Mörðuvalla** og fór línan þar í gegnum túnin að landi **Kálfagerðis** þar sem hún lá í gegnum rætað land ofan/austan **Kálfagerðis**. Línan fór síðan yfir í ræktað tún **Helgastaða**. Þegar landi **Helgastaða** sleppir fór línan í gegnum land sem er ekki í ræktun og er skorið af giljum og skorningum. Línan lá síðan austan við sumarbústaðaland **Guðrúnarstaða**. Línan fór í norður frá sumarbústaðalandinu og fór þar í gegnum ræktað tún sem eru skorin af votlendisskurðum.

Loftlína 3. Blað 6.

Loftlínan lá frá **Öldu** í austur í gegnum ræktað tún **Öldu**, og síðan í gegnum óræktað land, þá sveigði línan til norðurs og lá þar í gegnum ræktað skóglendi sem er nokkuð skorið af votlendisskurðum. Þá tekur við sléttað tún, en endi línunnar var rétt sunnan og austan við **Félgasheimili Funa** þar sem endi línunnar lá á smá hæðardragi í mellendi rétt austan vegarins að Funa.

Djúpidalur:

Loftlína 4.



Mynd 2. Horft til suðsuðausturs að loftlínunni auðaustan Hvassafells.

Loftlínan sem átti að fella lá vestan vegarins í Djúpadal, og fór í gegnum ræktuð tún í landinu.

Rétt austan við **Syðra-Dalsgerði sumarhús** var línuendi loftlínunnar sem átti að fella er í suðurhluta ræktaðs túns. Þaðan lá línan til norðurs yfir heimreiðina að **Syðra-Dalsgerði** og yfir í landi **Ytra-Dalsgerði** (Blað 3), þar yfir heimreiðina austan bæjarins og þar í gegnum ræktuð tún sem skorin eru af votlendisskurðum og áfram til norðurs í gegnum ræktuð tún í landi **Hvassafells**.(Blað 3,4) og lá norðan Hvassafells að hluta til gegnum óraskað land, þar til línan lá um ræktuð tún **Hlíðarfells** og lá þar yfir heimreiðar austan við **Hlíðarfell/Hlíðarhaga** (Blað 4). Þarna lá línan að hluta til í gegnum ræktuð tún neðan/austan bæjana Línan lá síðan áfram til norðurs og endaði í ræktuðum túnum vestan við **Hlíðarhaga I** og **Hlíðarhaga II** sem voru austan línunnar.

Niðurstöður

Loftlína sem fella átti í Eyjafirði var skoðuð 4/7 2018.

Loftlínan í Djúpadal var skoðuð 18/9 2018.

Þessar tvær vettvangsskoðanir gáfu ekki til kynna að minjar væru í hættu vegna fellingar loftlínunnar.

Verktökum voru kynnt lög um áður óþekktar fornleifar sem gætu komið í ljós við þessa vinnu og hvernig ætti að bregðast við ef þeirra yrði vart. Samanber lagagrein um áður ókunnar fornminjar:

Í 24 grein segir um: *Áður ókunnar fornminjar.*

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2